



STJÓRN SSH 439. fundur

Mánudaginn 13. febrúar 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Lindal Haraldsson, S. Björn Blöndal, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. TÓNLISTARSKÓLAR – kjarasamningur /málsnr. 1504009

Á fundinn mættu Inga Rún Ólafsdóttir frá SNS og Atli Atlason frá Reykjavíkurborg og gerðu grein fyrir nýjum kjarasamningi við Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, í kjölfar miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 31. janúar 2017.

Umræður

2. BORGARLÍNAN – stöðu- og verkefnayfirferð /málsnr. 1610002

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri vegna Borgarlínunnar.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá framvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínunnar dags. 13. febrúar 2017.

HÁP og EÁR fóru yfir minnisblaðið og helstu þætti yfirstandandi vinnu vegna undirbúnings Borgarlínunnar og tímaáætlun vegna þessa. Upplýst var að verkefnislýsing hefur verið afgreidd af svæðisskipulagsnefnd og sérstök áhersla var lögð á krefjandi tímaáætlun vegna innleiðingar á legu Borgarlínunnar í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna, sem og nauðsyn þess að sem fyrst náist mynd á lagalegri stöðu verkefnisins s.s. vegna mögulegrar innheimtu innviðagjalda o.fl. Þá var farið yfir frumhugmyndir um skilgreiningu á þjónustustigi Borgarlínunnar og mögulegri aðferð við skiptingu á kostnaði vegna fjárfestingar í innviðum.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn leggur áherslu á að málið verði unnið áfram með tilliti til fyrirliggjandi markmiða um tímasetningu nauðsynlegra skipulagsbreytinga og annarra verkþátta sbr. samkomulag sveitarfélaganna frá 2. desember 2016.



3. SÓKNARÁÆTLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS – verkefnatillögur v. áhersluverkefna 2017 *Í málsnr. 1501010*

Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri og Hermann Ottósson ráðgjafi sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lá tillaga að ráðstöfun 22 m.kr. verkefnafjár sem gert er ráð fyrir á árinu 2017 til áhersluverkefna, sbr. samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins frá febrúar 2015.

Verkefnin eru:

Borgarlínan	8 m.kr.
Location Reykjavík Capital Area	6 m.kr.
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	6 m.kr.
GERT verkefnið	2 m.kr.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að ráðstöfun til fjögurra verkefna á árinu 2017 og felur framkvæmdastjóra að ganga frá endanlegri verkefnalýsingu og greinargerð.

4. Endurvinnslustöðvar SORPU bs. *Í málsnr. 1606003*

Rætt var um nauðsynlega endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðva sveitarfélaganna og endurskoðun á núgildandi samningi sveitarfélaganna við SORPU bs. um rekstur þeirra, sbr. m.a umfjöllun á eigendafundi SORPU bs. 31.08.2015 og samþykkt frá 433. stjórnarfundum SSH 5. september 2016.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að setja upp tillögu að erindisbréfi fyrir verkefnahóp til að vinna að framangreindu verkefni í samræmi við umræður á fundinum og kalla eftir tilnefningu fulltrúa aðildarsveitarfélaga í hópinn sem fyrst.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55